

**Ávarp Össurar Skarphéðinssonar, utanríkisráðherra,  
í umræðum um Evrópumál á landsfundi Samfylkingarinnar,**

**22. október 2011**

Hið talaða orð gildir

Kæru félagar,

Þegar ég hugsa til baka, þá verða í næsta mánuði tíu ár frá því flokkurinn, ekki tveggja ára, tók fyrsta formlega skrefið varðandi Evrópustefnuna.

Það var sú ákvörðun fyrsta landsfundarins, sem við höldum eftir stofnfund, um að velja lýðræðislegustu aðferðina til að komast að niðurstöðu um Evrópu og hafa póstkosningu meðal allra félaga Samfylkingarinnar.

Niðurstaðan var skýr. Yfirgnæfandi meirihluti eða 85 % vildu að Samfylkingin tækju aðild á stefnuskrá sína.

Það voru þið, félagarnir í flokknum, sem mótuðu þá stefnu í eins lýðræðislegri kosningu og völ var á. Það hefur ekkert skort á að við höfum síðan verið þeirri stefnu trú.

Það voru líka þið, félagarnir, sem fyrir síðustu kosningar kváðuð upp úr með að Samfylkingin setti aðildarumsókn á oddinn.

Og það voru þið, sem gerðuð umsókn að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku.

Þess vegna mynduðum við núverandi stjórn. Hún var eina leiðin til að ná fram því markmiði sem þið höfðuð sett okkur í forystunni.

Án þeirrar niðurstöðu hefði Samfylkingin ekki farið í ríkisstjórn.

Ég man líka fögnuðinn sem braust út á pökkuðum fundi flokkstjórnarinnar þegar niðurstaðan um nýja ríkisstjórn var kynnt, þar á meðal að við hefðum náð því fram að sótt yrði um aðild, og niðurstaðan lögð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í því fólst framtíðarsýn. Framtíðarsýn sem tók ekki aðeins á stöðu okkar sem þjóðar í alþjóðasamfélaginu, heldur fól líka í sér skýran valkost um hvaða leið við viljum að Ísland sigli út úr efnahagsvandannum, og inn í framtíðina.

Þeir sem hafa aðra skoðun, hafa fullan rétt til þess, en á þeim hvílir sú skylda að skýra þeirra valkost. Það hafa þeir ekki gert.

Það sem meira er, og verra: Þeir vilja ekki leyfa þjóðinni að kjósa, og velja sjálf.

Í mínum augum er Heimsýn því í dag fyrst og fremst samtök gegn lýðræði. Helsta baráttumál þeirra er að koma í veg fyrir að fólkið fái sjálft að ráða, þegar samningur liggur fyrir.

## **Staðan núna**

Hvernig met ég stöðuna núna?

Þið þekkið stöðuna innanlands jafn vel og ég. Hvað varðar samningana við Evrópusambandið sjálft, sem er mitt verk og ég leiði fyrir hönd Íslands, þá met ég stöðuna í örstuttu máli svona:

Staðan gagnvart sambandinu fer batnandi. Hún er í dag betri en þegar lagt var í leiðangurinn.

Mitt kalda mat af samskiptum við framkvæmdastjórn ESB, og fleiri fundum með utanríkisráðherrum aðildarlandanna en ég kæri mig um að muna, er að það séu vaxandi líkur á að okkur takist að ná betri samningi en flestir halda í dag.

Ég held ég sé ekki einn um þá skoðun. Ég held að hörðustu andstæðingar aðildar séu komnir á sömu skoðun og ég. Það skýrir það, að Heimsýn hefur í reynd breyst í samtök gegn lýðræði, sem hefur það markmið eitt að koma í veg fyrir að málið komist í þjóðaratkvæði.

Þeir sjá háskann í því að málið komist í atkvæðagreiðslu. Þeir eru einfaldlega hræddir við, að hann verði öðru vísi og betri, en þeir ætluðu. Hræddir við að hann verði samþykktur.

Forsætisráðherra sagði í gær, að eitt af verkefnum fyrir lok kjörtímabilsins væri að ljúka aðildarviðræðum. Ég tel góða möguleika á því, og tel reyndar að ef engin fyrirstaða myndast innanlands þá muni ekki stranda á vilja Evrópusambandsins.

## Staða umsóknarferlisins

Hvert erum við þá komin í dag með umsóknarferlið? Gróflega má kannski skipta sjálfu ferlinu sem er á minni könnu í þrennt:

Í fyrsta lagi að sýna fram á að Ísland stæðist þær kröfur sem gerðar eru til aðildar. Það var ekki erfitt í ljósi þess að við er gróið lýðræðisríki með sterkar stofnanir, og höfum að baki átján ára samstarf við Evrópusambandið gegnum EES, og Schengen.

Í öðru lagi rýnivinnuna, þar sem borin er saman löggjöf okkar og Evrópusambandsins til að finna hvað stendur útaf, og hvað þarf sérstaklega um að semja. Henni er nú lokið með lofi og prísi á vandaða og faglega vinnu Íslendinga. Þið heyrðu það sjálf frá stækkunarstjóra ESB í fréttum fyrr í vikunni.

Í þriðja lagi eru svo samningarnir sjálfir.

Í dag erum við komin á þann punkt að við höfum lokið tveimur fyrri áföngunum. Við erum byrjuð í alvörusamningum. Við munum alls þurfa að semja um 33 kafla, því tveir eru tæknilegir og þarf ekki um að semja.

Þegar samningarnir hófust á fyrstu ríkjaráðstefnunni í júní, þá var gíska góður skriður á okkur. Við höfðum náð þeim áfanga að verða umsóknarþjóð á aðeins ári frá samþykkt Alþingis, og lukum rýnivinnunni af okkar hálfu á mettíma.

Besta leiðin til að halda skriðnum er að vinda upp voðir. Við settum því fram mjög metnaðarfull áform – m.a. til að halda ESB við efnið.

Á fyrstu ríkjaráðstefnunni kynnti ég þau markmið okkar að á þessu ári, meðan vinir okkar Pólverjar yrðu í forsæti, yrði stefnt að því að opna helming kaflanna. Allir, sem þá væru eftir, yrðu svo opnaðir undir dönsku formennskunni á fyrri helming næsta árs.

Ég tók hins vegar skýrt fram, að þó við hefðum fullan vilja til að hleypa vökru þá tækjum við – ekki síst vegna reynslu annarra þjóða – gæði samningsins alltaf fram yfir hraðann.

Við höfum sömuleiðis frá upphafi lagt mikla áherslu á að sem fyrst yrðu opnaðir þeir kaflar sem við teljum fyrirfram verða erfiðasta, um landbúnað og sjávarútveg.

Þessi áform hafa gengið eftir með eftirfarandi hætti:

Á fyrstu ríkjaráðstefnunni í júní voru fyrstu fjórir samningskaflarnir opnaðir til samninga. Tveimur þeirra var lokað samdægurs. Það er sjaldgæft.

Núna, á þriðjudaginn þessari viku, voru tveir kaflar opnaðir til viðbótar. Báðum var lokað samdægurs. Það er líka sjaldgæft og hefur orðið fréttæfni erlendis sem dæmi um hversu vel Ísland er undirbúið.

Í desember er stefnt að því að opna 7-8 kafla til viðbótar.

Í lok árs gætum við því hafa opnað allt að 14 köflum, sem er fast að helmingur þess sem um þarf að semja.

Danir taka við forystu í ESB um áramótin. Við höfum unnið okkar heimavinnu. Hugsanlega tóku einhver ykkar eftir því, að í stjórnarsáttmála nýju ríkisstjórnarinnar er sagt hreint út, að það sé forgangsmál dönsku stjórnarinnar að styðja íslenska ferlið einsog unnt er.

Ég tel þess vegna allar líkur á því að okkur takist að komast mjög langt áleiðis með áform okkar um að hafa opnað alla kafla til samninga fyrir mitt næsta ár.

Mér finnst ekki ólíklegt, miðað við skriðinn núna, að þá, þegar Danir kveðja, verði búið að ljúka samningum um allt að 20 kafla – af 33.

Kaflarnir um sjó og land eru flóknastir, erfiðastir, og fyrirfram ætlum við að þeir taki lengstan tíma. Þess vegna lögðum við áherslu á að opna þá tvo sem fyrst til að auka líkur á að ljúka samningunum sem fyrst. Um landbúnað er það að segja að það er fyrst og fremst vegna aðstæðna hér heima að ekki er búið að opna hann. Í sjó steytir ma. á því að ESB er ekki búið að ljúka merkilegri endurskoðun sinni á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

Nú ber að ítreka það, að við höfum frá upphafi fylgt þeirri meginstefnu, sem brýtur í blað, að við ætlum ekki að breyta lögum, eða stofnunum, fyrr en þjóðin hefur galdið jáyrði. Þess í stað lýstum við yfir að við myndum leggja fram grófar tímasettar vinnuáætlanir í köflum sem líklegt væri að þyrfti að breyta töliverðu, eins og landbúnaði og byggðamálum. Þeim áætlunum yrði síðan hrint í framkvæmd á tímanum milli þjóðaratkvæðagreiðslu til fullgildingar samningsins, eða þá innan fresta sem um semdist fyrir einstök mál.

Meginstefnan er því sú, að aðlaga ekki fyrr en þjóðin er búin að segja já.

Þetta eru einkum kaflar utan EES og Schengen, einsog gjaldmiðill, byggðamál, sjór og land.

Þið munið að nei-sinnar hlógu að þessu. Sögðu að við myndum aldrei ná þessu fram. Það voru vissulega efasemdir í Brussel líka, og eru sumstaðar ennþá. En í því máli er einfaldlega komin endanleg niðurstaða. Á vef ráðuneytisins hafa nú legið frammi tvær rýniskýrslur framkvæmdastjórnar ESB, um byggðamál og um landbúnað.

Þar er fallist á þessi sjónarmið. Sumir gætu kallað þetta fyrsta sigurinn í viðræðunum. Ég kalla þetta dæmi um sveigjanleika Evrópusambandsins.

Okkur hefur ekki tekist að leggja fram þessa vinnuáætlun varðandi landbúnað. Mitt fólk telur að það verði að leggja áætlunina fram í síðasta lagi fyrir áramót til að hægt verði að byrja samninga í landbúnaði í tíð dönsku formennskunnar – eða fyrir mitt næsta ár. Einsog gefur að skilja yrði það mjög farsælt fyrir Ísland að geta byrjað það undir forystu vinapjóðar á borð við Dani.

Sjávarútvegsmálin eru í annarri stöðu. Evrópusambandið er í óða önn að ljúka endurskoðun á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Öll hugsun um sjó innan ESB hefur um langt skeið verið í okkar anda – dreifing valds frá Brussel. Breytingarnar, sem Damanaki sjávarútvegsstjóri, hefur beitt sér fyrir, eru jákvæðar fyrir Ísland. En þar, einsog hér, eru skiptar skoðanir á sjó. Endurskoðunin hefur tafist fyrir vikið, og fyrr en henni er lokið verður erfitt að ljúka samningum í sjó. Þetta er í dag helsta ástæðan fyrir því að ekki er enn byrjað að semja um sjó.

Að mínu mati hverfast þessar viðræður um þá fjóra málaflokka sem ég hef þegar nefnt – sjávarútveg, landbúnað, byggðamál, og um evruna. Þetta eru stóru málin sem standa utan við EES-samninginn og Schengen. Það er fyrst og fremst á þessum sviðum sem umtalsverðar breytingar myndu verða. Auðvitað munu koma upp, og hafa komið upp, mál í öðrum köflum. Sum þeirra töldum við geta orðið snúin. Þau hafa öll verið leyst einsog við viljum – a.m.k. til þessa. Það sýnir þel ESB gagnvart okkar sérstöðu, sem þeir skilja að er ærin.

Þó vissulega séu erfiðar viðræður framundan tel ég sem leiðtogi ferlisins að sanningsstaða okkar sé sterk í öllum þessum málaflokkum. Ég tel að okkur hafi tekist vel til þessa að koma sjónarmiðum um sérstöðu Íslands á framfæri. Það hefur verið mitt aðalverkefni sem utanríkisráðherra á ótal tvíhliða fundum með öllum utanríkisráðherrum ESB. Samninganefndin hefur att kappi við embættismenn, og með góðum árangri til þessa.

Í þessu sambandi nefni ég tvennt sérstaklega:

Í fyrsta lagi, þá er í Íslandsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá því í febrúar á síðasta ári merkileg umfjöllun um sjávarútveg. Þar er ekki aðeins talað af skilningi og djúpri þekkingu á sérstöðu Íslands. Þar er bókstaflega sagt, að verði Ísland aðildarland megi gera ráð fyrir því að sjávarútvegsstefna ESB breytist með marktækum hætti.

Hvað þýðir það? Það er í reynd yfirlýsing um að ESB gerir sér grein fyrir að til þess að þriðja stærsta fiskveiðipjóð Evrópu telji sér hag í að ganga til liðs við sambandið verði að taka tillit til sérstakra hagsmuna Íslands.

Í öðru lagi, þá nefni ég rýniskýrslur framkvæmdastjórnarinnar um landbúnað og byggðamál. Þá kom í ljós að m.a. hinir ágætu sérfræðingar í landbúnaðarráðuneytinu höfðu unnið sína heimavinnu – og gott betur.

Í rýniskýrslunni um landbúnað kemur t.d. fram, hvað eftir annað, að Ísland hafi ríka sérstöðu, um harðbýli, um mikilvægi landbúnaðar á landsbyggðinni, um fábreytni framleiðslu, og svo mætti lengi telja.

Það sem meira er, í bréfi núverandi forystu ESB, Póllands, sem fylgdi skýrslunni til samningamanna sambandsins, var beinlínis lagt fyrir fyrir þá að taka tillit til sérstöðu Íslands.

Mitt fólk, þrautreynt samningalið, hefur lesið legió af slíkum skýrslum úr aðildarferli annarra landa. Svona hafa þau hins vegar ekki séð. Þetta verður okkur gríðarlega mikilvægt.

Þessi dæmi sem ég nefndi, benda til þess að í erfiðum málaflokkum hafi til þessa tekist að koma sjónarmiðum Íslands vel á framfæri. Við eigum vitaskuld eftir að framkalla og snúa þessum jákvæðu viðhorfum í ávinning við samningaborðið. Ég get á þessari stundu ekki lofað neinu um hvernig það mun ganga - enda hef ég aldrei samið áður um aðild að ESB.

Smáþjóðirnar, sem gengu síðast í sambandið, leggja mikla áherslu á að eiga góðar og sterkar stuðningsþjóðir, ekki síst þegar kemur í lokaslaginn. Mitt mat er að við eigum þær. Margar.

Þeir sem lásu ræðu þýska utanríkisráðherrans sem hann hélt við opnun bókamessunnar í Frankfurt eftir klukkustundarlangan fund með mér skilja það. Þeir sem hafa lesið stefnuyfirlýsingu nýju stjórnarinnar í Danmörku skilja það enn betur. Pólland, sem veit gerla af því að stærsti minnihlutinn hér á landi er

pólskur, hafa til þessa reynst okkur betri en enginn. Ég þarf engin orð að hafa um Eystrasaltsþjóðirnar þrjár, eða Norðurlöndin.

Það sem hefur komið mér mest á óvart er Spánn, stærsta fiskveiðipjóðin í Evrópu. Ég hef ekki lagt jafn mikla rækt við nokkurt ríkjanna sem Spán, stjórn og stjórnarandstöðu, og farið um helstu fiskveiðisvæðin, alla Galísíu upp og niður og talað við bæjarstjóra, hafnarstjóra, verkalýðsleiðtoga, atvinnurekendasamtök, og forystumenn helstu útvegsfyrirtækja. Viðhorf þeirra komu mér að mörgu leyti á óvart.

Andstæðingar aðildar segja hátt og í hljóði, að aðild þýði að spánski flotinn, með þann portúgalska í eftirdragi, komi hingað á fyrsta degi aðildar, og láti greipar sópa um fiskimiðin. Sú röksemd, sem helst og sterkast er beitt gegn aðild er að við komumst ekki hjá því að láta aflaheimildir af hendi.

Ég held það verði öðru vísi þegar upp er staðið. Ég segi þó ekki annað í dag en þetta: Sjáum hvað setur. Bíðum samninganna. Vera kann að niðurstaðan í þessu efni verði öðruvísi en menn gefa sér fyrirfram á gagnmerku vefriti sem kennir sig við vakt um Evrópu, og er í áttundraðasta sæti hvað lestur varðar.

Stjórnsmál snúast ekki síst um framtíðarsýn. Okkar framtíðarsýn er um leið sem tryggir Íslandi sama stöðugleika og grannþjóðunum, sömu samkeppnishæfni, sömu möguleikana á nýsköpun og rannsóknum, sömu stöðu fyrir unga fólkið okkar til að eiga kost á fjölbreyttri atvinnu, sömu stöðu til að taka upp sama gjaldmiðil og helstu viðskiptalönd okkar, sömu stöðu til að tryggja að börnin okkar geti keypt sér þak yfir höfuð fjölskyldunnar án þess að strita áratugum lengur til þess en evrópskir jafnaldrar.

Framtíðarsýnin sem birtist í Evrópuleið Samfylkingarinnar er líka svar við vaxandi kröfu fólksins um að afnema verðtrygginguna, lækka vexti á húsnæðislánum, tryggja fyrirtækjum og fjölskyldum sömu kjör í bönkum og gerast í Evrópu, tryggja að vextir verði ekki hærri en í Evrópu, og umfram allt, tryggir að unnt er að brjóta upp læsta stöðu í gjaldmiðilsmálum.

Aðild gefur okkur kost á að taka upp endurskapaða evru sem hefur skírst í eldi þerra erfiðleika sem hún verður búin að vinna á þegar samningur kemur til kasta landsmanna.

Framtíðarsýn okkar er líka um að laða fjárfestingar inn í landið í krafti aðildar og byggð á þeirri reynslu smárra aðildarlanda að fjárfestingar, mestmegnis frá aðildarlöndum ESB, stóraukist og jafnvel tvöfaldist. Við þurfum ekki annað en

skoða reynslu Eistlands, Lettlands, Litháen, Slóvakíu og Sloveníu að ógleymdri Möltu.

Þetta er okkar leið, og besta leiðin miðað við reynslu annarra, til að skapa á fyrstu tíu árum aðildar þau 20-30 þúsund nýju störf, sem við þurfum á að halda.

Aðildin er þess vegna, að okkar mati, vel virkt ráð til að ráða niðurlögum versta vágestsins sem á okkar fjörur hefur rekið, sem er atvinnuleysið.

Þeir, sem eru á móti aðild, verða þá að sýna hver þeirra framtíðarsýn er fyrir Ísland. Þeir verða að skýra hvernig þeir ætla að stýra Íslandi inn í framtíðinni á krónu sem haltrar við staf og fellur með reglulegu millibili, með varanlegum gjaldeyrishöftum – og halda samt blóma kynslóðanna, mannauðnum, á Íslandi.

Ekkert af þessu hafa andstæðingar aðildar skýrt. Þeir hafa ekki valkost. Þeirra stefna endar í landflótta unga fólksins þegar lengra er litið. Þeirra heimsýn er moldargólf Bjarts í Sumarhúsum sem vildi heldur drepast en hætta hokrinu á heiðinni.